

## 3. gr.

75

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóraun þau, er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

5. júní

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

76

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu  
h/f Eimskipafélags Íslands.

5. júní

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

## L Ö G

77

um félagsheimili.

5. júní

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar

77 önnur menningarfélag, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, 5. júní eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

### 2. gr.

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Styrkinn má veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svö, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

### 3. gr.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. eftir tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Ef fræðslumálastjóra og íþróttanefnd greinir á, sker menntamálaráðherra úr. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd, og fylgi nákvæm lýsing af húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og um fyrirhugaða notkun þess. Félagsheimili, sem styrks nýtur úr félagsheimilasjóði, skal reist á þeim stað og eftir uppdrætti, sem íþróttanefnd samþykkir. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð, og sett þau skilyrði önnur viðvikjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem bestum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist.

### 4. gr.

Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélag forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starfsemi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsg. Leyfi menntamálaráðherra slíkt, skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegum hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsl., má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

### 5. gr.

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama bæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði

hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr félagsheimilaskjóði eða ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

77

5. júní

## 6. gr.

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr félagsheimilaskjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal félagsheimilaskjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en  $\frac{1}{3}$  hluta byggingarkostnaðar og  $\frac{1}{2}$  endurbótakostnaðar.

## 7. gr.

Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða að láta selja það til lúknings á hvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til félagsheimilaskjóðs. Það, sem umfram kann að verða, rennur í félagsheimilaskjóð.

## 8. gr.

Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr félagsheimilaskjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

## 9. gr.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948. Er samkvæmt þeim heimilt að veita styrk úr félagsheimilaskjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1944, en er ekki lokið, þegar lög þessi öðlast gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

*Eysteinn Jónsson.*